

**Hvernig sóknarprestar
og prestar eru valdir til embættis**

YFIRLIT UM HVERNIG SÓKNARPRESTAR OG PRESTAR ERU VALDIR TIL STARFA Í PRESTAKÖLLUM

Inngangur

Yfirliti þessu er ætlað að veita fólki sem kosið er í valnefndir nokkra yfirsýn yfir það hvernig val á presti fer fram, hvaða reglur gilda og hvernig ferlið er. Ef ekki er sett fram ósk um almennar prestskosningar, gildir eftirfarandi:

Helstu áhersluatriði

- Valnefndarmenn skulu kynna sér umsóknir vel og helstu reglur, einkum starfsreglur um val og veitingu prestsembætta og leiðbeinandi reglur biskups um sama efni.
- Við mat á umsækjendum skulu málefnaleg og fagleg vinnubrögð höfð að leiðarljósi.
- Virða ber jafnréttislöggjöf og jafnréttisáætlun þjóðkirkjunnar.
- Gætt skal trúnaðar í hvívetna.
- Valnefnd gegnir trúnaðarstarfi fyrir sóknarbörn prestakallsins og biskup Íslands.

Um fyrirkomulag á vali til embættis sóknarpresta og presta

Helstu reglur um val á prestum er að finna í þjóðkirkjulögunum nr. 78/1997 og starfsreglum kirkjubings um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011. Í valnefnd eiga sæti prófastur í viðkomandi prófastsdæmi, sem er formaður nefndarinnar og níu fulltrúar prestakalls, sem sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar á sameiginlegum fundi í prestakallinu, velja á fjögurra ára fresti. Ef sóknir prestakalls eru fleiri en níu skulu þær sóknir sem ekki fá fulltrúa í valnefnd skipa áheyrnarfulltrúa til setu á fundum valnefndarinnar.

Störf valnefndar teljast opinber stjórnsýsla og eru þær því bundnar af stjórnsýslulögum og öðrum reglum sem um hana gilda. Valnefnd er vettvangur þar sem menn leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu, en ekki kjörnefnd þar sem leynileg kosning um niðurstöðu fer fram. Niðurstaða valnefndar telst bindandi ef tveir þriðju nefndarmanna ná samstöðu um hana.

Allt frá því að ljóst er að embætti er laust til umsóknar skal ráðgjafi starfa með þeim, sem um málið fjalla af hálfu kirkjunnar. Ráðgjafinn skal vera vel kunnugur reglum stjórnsýslu og regluverki um embættisveitingar presta. Ráðgjafinn starfar á ábyrgð kirkjuráðs.

Biskup skipar þann umsækjanda í embætti, sem valnefnd hefur náð samstöðu um og kynnir hana umsækjendum enda telji hann og ráðgjafi niðurstöðu valnefndar reista á lögmætum sjónarmiðum. Sé svo ekki eða náist ekki samstaða í valnefnd getur biskup skipað í embættið þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða ákveðið að auglýsa embættið að nýju.

Sé ákveðið að auglýsa embætti prests er þjóni í fleiri en einu prestakalli skulu sóknarnefndir í þeim prestaköllum velja sameiginlega níu manna valnefnd við val á presti til starfa í þeim prestaköllum. Við val á fulltrúum í þá valnefnd skal taka tillit til skiptingar á starfi prestsins og fjölda sóknarbarna í viðkomandi prestaköllum. Prófastur er formaður hinnar sameiginlegu valnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um valnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameiginlegrar valnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Valferlið

Valferlið er almennt sem hér segir:

1. Auglýsing

Biskup Íslands auglýsir embætti þegar það losnar eða nýtt embætti er stofnað. Orðalag auglýsingarinnar er mikilvægt, sérstaklega þegar áskilnaður er um sérstaka hæfileika eða reynslu. Jafnan er minnt á lög um jafnan rétt kvenna og karla. Minnt er á að almenn kosning getur farið fram að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

2. Viðtaka umsókna og veiting upplýsinga

Ef óskað er upplýsinga um embættið af hálfu umsækjenda eru þær veittar á Biskupsstofu sem einnig tekur við umsóknum. Umsóknir eru stimplaðar þann dag sem þær berast og varðveittar sem trúnaðarmál þangað til umsóknarfrestur er runninn út. Biskupsstofa kannar hvort öll skilyrði, sem fram koma í auglýsingu, eru uppfyllt og áður en gögn eru send valnefndum. Þá sendir Biskupsstofa ríkissaksóknara heimild umsækjenda til skimunar.

3. Útsending gagna til valnefnda

Að loknum auglýstum umsóknarfresti og athugun gagna sendir Biskupsstofa prófasti og öðrum valnefndarmönnum allar framkomnar umsóknir. Umsóknir og fylgigögn eru trúnaðarmál og mega valnefndarmenn ekki láta neitt uppi um efni þeirra og innihald.

4. Skoðun umsókna

Valnefndarmenn eiga að hafa a.m.k. viku til að fara yfir umsóknir og kanna þær.

5. Fundir valnefndar

Prófastur boðar alla fundi valnefndar. Fundir valnefndar eru að lágmarki tveir. Ráðgjafi situr alla fundi.

- 1. Undirbúningsfundur valnefndar.

Undirbúningsfundur er haldinn eftir að nefndarmönnum hefur gefist nægur tími til að kynna sér handbók valnefnda og fara yfir umsóknir. Í upphafi þess fundar fer prófastur yfir helstu reglur sem gilda um störf nefndarinnar og skyldur nefndarmanna sbr. 3. gr. leiðbeinandi reglna biskups Íslands. Á þessum fundi er einnig fjallað um umsóknir og ákveðið hvaða umsækjendur skuli boða í viðtal. Valnefnd semur samræmdar spurningar sem lagðar eru fyrir alla umsækjendur. Ennfremur skal ákveðið hvort prófastur aflar meiri upplýsinga um umsækjendur og/eða ræði við umsagnaraðila eða aðra sem geta veitt umsagnir um þá. Prófastur ritar minnisblað um viðtöl við umsagnaraðila.

- 2. Valnefndarfundur – viðtöl og niðurstöður

Ef um prestakall er að ræða þar sem fleiri en einn prestur er, skal sá prestur/prestar sem áfram þjónar boðið, áður en viðtöl við umsækjendur hefjast, að tjá sig um umsækjendur við valnefndina sé hann eða séu þeir ekki meðal umsækjenda. Prófastur gerir grein fyrir viðbótarupplýsingum sem hann kann að hafa aflað og kynnir minnisblöð um viðtöl við umsagnaraðila ef við á. Umsækjendur eru síðan kallaðir til viðræðna við valnefnd. Að viðtölum loknum er hægt að líta svo á að upplýsingaöflun valnefndar sé lokið.

6. Niðurstæða

Í starfsreglum um val og veitingu prestembætta og leiðbeinandi reglum biskups er að finna helstu sjónarmið sem líta þarf til við valið. Þau sjónarmið byggjast á mati á því hvað hentar prestakallinu best, auglýsingunni um embættið og faglegum þáttum. Jafnréttislöggjöf gerir ráð fyrir því að það kynið sem færri eru af í viðkomandi starfsstétt skuli ganga fyrir ef umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari umsækjanda af gagnstæðu kyni.

Í leiðbeinandi reglum biskups er getið um helstu efnisatriði sem koma skulu fram í fundargerð valnefndarinnar. Í fundargerðinni skal koma fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir því hvers vegna tiltekinn umsækjandi er valinn. Ekki þarf að rökstyðja af hverju tiltekinn umsækjandi var ekki valinn ef fleiri en einn sækir um. Þótt valnefnd hafi komist að niðurstöðu er skipunarvaldið hjá biskupi Íslands og honum ber að leggja sjálfstætt mat á umsóknir um embætti og athuga í samráði við ráðgjafa hvort sú niðurstæða sé reist á lögætum sjónarmiðum.

Biskup skipar þann umsækjanda í embætti, sem valnefnd hefur náð samstöðu um, og kynnir hana umsækjendum enda telji hann og ráðgjafi niðurstöðu valnefndar reista á lögætum

sjónarmiðum. Sé svo ekki eða náist ekki samstaða í valnefnd getur biskup skipað í embættið þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða ákveðið að auglýsa embættið að nýju.

7. Beiðni um gögn og rökstuðning

Umsækjendur, sem ekki fá skipun í embætti, geta óskað eftir því að fá afhent öll gögn málsins, þ.e. afrit allra umsókna og annarra skjala valnefndar. Einnig geta umsækjendur óskað rökstuðnings biskup Íslands fyrir ákvörðun sinni um skipun í embættið.

STARFSREGLUR UM VAL OG VEITINGU PRESTSEMBÆTTA NR. 1109/2011

Almennt

1. gr. Biskup Íslands skipar í embætti sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar.

Eftir að biskup Íslands hefur auglýst embætti laust til umsóknar og að loknum umsóknarfresti skal valnefnd prestakalls velja sóknarprest og prest, nema óskað hafi verið almennrar kosningar í prestakalli.

Ef um embætti héraðsprests er að ræða skal héraðsnefnd mæla með einum umsækjanda í stað valnefndar.

Ef um er að ræða stöðu sérþjónustuprests þjóðkirkjunnar skal skipa sérstaka valnefnd sem velur úr hópi umsækjenda.

Ráðgjafi

2. gr. Allt frá því að ljóst er, að embætti er laust til umsóknar, skal ráðgjafi starfa með þeim, sem um málið fjalla af hálfu kirkjunnar. Ráðgjafinn skal vera vel kunnugur reglum stjórnsýslu og regluverki um embættisveitingar presta. Kostnaður af starfi ráðgjafa greiðist af kirkjumálasjóði. Ráðgjafinn starfar á ábyrgð kirkjuráðs.

Auglýsingar

3. gr. Þegar prestakall eða prestsembætti losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Biskup Íslands skal hafa samráð við viðkomandi sóknarnefndir, prófast og ráðgjafa þeirra um efni auglýsingar.

Biskup Íslands skal auglýsa laust embætti í Lögbirtingablaði og á öðrum opinberum vettvangi og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en fjórar vikur frá útgáfudegi blaðsins. Beri auglýsing ekki árangur skal embættið auglýst að nýju. Skal að jafnaði auglýsa innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar, en ef sérstaklega stendur á, má fresta auglýsingu um allt að ár í senn.

4. gr. Í auglýsingu skal eftirtalið koma fram:

- lýsing á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu, samstarfssvæði o.fl. er varðar hið kirkjulega starf
- hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum prestsþjónustu, svo sem þjónustu við æskulýð, aldraða, fræðslu, sálgæslu eða annað
- hvort embættið geri kröfu um sérstaka þekkingu eða reynslu í stjórnunarstörfum
- hvar unnt sé að fá nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda
- að stuðst verði við óháðan ráðgjafa í öllu umsóknarferlinu
- frá hvaða tíma og til hve langs tíma skipað er í embættið
- hver skipunarkjör eru
- að umsækjendur geri grein fyrir persónulegum upplýsingum, menntun sinni, starfsferli, samskiptahæfileikum svo og öðru því sem þeir óska að taka fram
- að umsækjandi skuli veita aðgang að sakaskrá sinni
- hvort prestssetur fylgi embættinu
- hvenær umsóknarfrestur rennur út
- hvert senda skuli umsóknir

Ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests í prestakalli skal vera stutt lýsing á prestakallinu og sóknum þess, ennfremur ákvæði um skilyrði almennra kosninga. Jafnframt skal greina frá því að valnefnd velji þann sem skipa skal í embættið.

Ef um er að ræða embætti héraðsprests eða sérþjónustuprests skal vera stutt lýsing á starfs-umhverfinu. Jafnframt skal greina frá því að héraðsnefnd mæli með einum umsækjanda sem skipa skal í embætti héraðsprests, en sérstaklega skipuð valnefnd velji umsækjanda um embætti sérþjónustuprests.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Biskup skal gæta þess að öllum umsóknarskilyrðum sé fullnægt í samræmi við auglýsingu um embættið og kanna sakaskrá hvers umsækjanda.

Störf valnefnda og ráðgjafa

5. gr. Innan viku frá því að frestur til að sækja um prestsembætti rennur út, skal Biskupsstofa senda valnefnd og ráðgjafa þær umsóknir sem borist hafa.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

barnaverndarlögum nr. 80/2002

almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e.

- o kynferðisbrot skv. 22. kafla
- o önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsíðoma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar
- o brot gegn frjálstræði manna skv. 24. kafla
- o fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.

lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þ.e. refsíðoma síðustu fimm ár.

Biskup Íslands skal, áður en hann setur, skipar eða ræður einstakling sem prest þjóðkirkjunnar, óska eftir samþykki hans, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji hlutaðeigandi um heimild er óheimilt að setja, skipa eða ráða hann til starfa.

6. gr. Valnefnd prestakalls velur sóknarprest og prest. Hún skal skipuð viðkomandi prófasti, sem jafnframt er formaður nefndarinnar og níu fulltrúum prestakalls. Með valnefndum skal starfa ráðgjafi skv. 2. grein starfsreglna þessara og skal hann sitja alla fundi valnefndar. Hann hefur ekki atkvæðisrétt á fundum hennar, en verkefni hans er að veita ráðgjöf um verklag og að gæta þess að valnefnd fari að reglum. Valnefnd er heimilt að kalla til ritara.

Fulltrúar prestakalls og jafnmargir varamenn þeirra eru valdir til setu í valnefnd til fjögurra ára á sóknarnefndarfundi eða á sameiginlegum fundi sóknarnefnda í prestaköllum þar sem sóknir eru fleiri en ein. Prófastur boðar til þess fundar þegar fleiri en ein sóknarnefnd á í hlut. Það val skal fara fram að loknum fyrstu sóknarnefndarkosningum eftir gildistöku þessara reglna. Sé ein sókna prestakallsins fjölmennari en hinar samanlagt skulu varamenn hennar einnig taka þátt í vali fulltrúanna. Þar sem sóknir eru fleiri en ein í prestakalli skal taka mið af fjölda sókna og fjölda sóknarbarna einstakra sókna við val fulltrúa. Þær sóknir sem ekki fá fulltrúa í valnefnd skipa áheyrnarfulltrúa til setu á fundum þeirrar valnefndar.

Sé ákveðið að auglýsa embætti prests er þjóni í fleiri en einu prestakalli skulu sóknarnefndir í þeim prestaköllum velja sameiginlega níu manna valnefnd við val á presti til starfa í þeim prestaköllum. Við val á fulltrúum í þá valnefnd skal taka tillit til skiptingar á starfi prestsins og fjölda sóknarbarna í viðkomandi prestaköllum. Prófastur er formaður hinnar sameiginlegu valnefndar og gilda um störf hennar

sömu reglur og um valnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameiginlegrar valnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Biskup setur leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir og umsækjendur.

7. gr. Biskup felur prófasti að boða valnefnd til fundar svo fljótt sem verða má.

Formaður valnefndar stýrir störfum valnefndar og fundum hennar, viðtölum við umsækjendur, gagnaöflun og er í fyrirsvari fyrir nefndina.

Þeim prestum sem áfram þjóna í prestakallinu skal boðið að tjá sig um umsækjendur við valnefndina séu þeir sjálfir ekki meðal umsækjendanna.

8. gr. Halda skal undirbúningsfund þar sem valnefndarmönnum eru kynntar starfsreglur, lög og aðrar reglur sem við eiga. Nefndin skal undirbúa spurningar til umsækjenda og skulu allir umsækjendur fá sömu spurningar. Rita skal minnisblað um það sem fram fer á fundinum. Farið skal yfir umsóknir á þessum fundi og ákveðið hverja eigi að kalla í viðtal. Þeir sem ekki eru kallaðir í viðtal geta farið fram á að valnefnd rökstyðji þá ákvörðun.

9. gr. Valnefnd boði umsækjendur í viðtal og getur krafist þá um ýmis gögn, svo sem prófskírteini, vottorð um endurmenntun, námskeið og handleiðslu, o. fl.

Valnefnd getur auk þess aflað sér vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá vinnuveitendum og öðrum, sem samskipti hafa átt við umsækjanda vegna starfa hans og prestsþjónustu ef því er að skipta og rita minnisblað um þær upplýsingar. Ef eitthvað í þeim upplýsingum kallar á viðbrögð frá umsækjanda skal honum gefast kostur á að kynna sér umsögn og bregðast við henni.

10. gr. Sé áskilin sérstök þekking eða reynsla í auglýsingu um laust embætti eða það er að öðru leyti mjög sérhæft, skal jafnframt meta umsækjendur eftir því hvernig þeir uppfylla þau sérstöku skilyrði. Við matið skal valnefnd leggja til grundvallar guðfræðimenntun, starfsreynslu, starfsferil svo og hæfni til boðunar og sálgæslu og samskiptahæfni umsækjanda og hvernig umsækjendur uppfylli sérstök skilyrði eða sérstaka hæfni ef slíkt er áskilið í auglýsingu. Við mat á hæfni skal nefndin einnig hafa til hliðsjónar aðra menntun og starfsreynslu, sem ætla má að hafi áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Auk þess skal meta frammistöðu í viðtölum, leiðtogahæfileika og framtíðarsýn Við val á sóknarpresti skal sérstaklega líta til reynslu og hæfni í stjórnunarstörfum. Við val samkvæmt ofanskráðu skal gæta ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

11. gr. Valnefnd skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga í störfum sínum. Nefndarmönnum og ráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi nefndarinnar og fellur sú skylda ekki úr gildi við starfslok í nefndinni.

12. gr. Valnefnd skal ná samstöðu um einn umsækjanda. Niðurstaða valnefndar telst bindandi ef tveir þriðju nefndarmanna ná samstöðu um hana. Niðurstöðu valnefndar skal fylgja rökstuðningur með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin leggur til grundvallar. Formaður valnefndar sendir biskupi þegar í stað niðurstöðu valnefndar. Jafnframt sendir ráðgjafi skýrslu um störf sín og mat á störfum valnefndar við val á presti til biskups.

13. gr. Biskup skipar þann umsækjanda í embætti, sem valnefnd hefur náð samstöðu um, og kynnir hana umsækjendum enda telji hann og ráðgjafi niðurstöðu valnefndar reista á lögætum sjónarmiðum. Sé svo

ekki eða náist ekki samstaða í valnefnd getur biskup skipað í embættið þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða ákveðið að auglýsa embættið að nýju.

14. gr. Hafi safnaðarfundur afgreitt og samþykkt tillögu um að embætti sóknarprests eða prests í prestakalli því er sóknin tilheyrir skuli auglýst laust til umsóknar við lok skipunartíma og úrskurðarnefnd veitt álit sitt, sendir biskup valnefnd prestakallsins álit úrskurðarnefndar og önnur gögn málsins. Valnefndir eru kjörmenn í skilningi 40. gr. Þjóðkirkjulaga nr. 78/1997.

Formaður valnefndar boðar nefndina og ráðgjafa til fundar með hæfilegum fyrirvara og stýrir fundi. Á þeim fundi skal valnefnd afgreiða tillögu um hvort embætti skuli auglýst eða ekki. Formaður tilkynnir biskupi niðurstöðu valnefndar svo fljótt sem kostur er. Sama gerir ráðgjafi og greinir frá mati sínu á störfum valnefndar. Biskup kynnir hlutaðeigandi presti niðurstöðu valnefndar.

Almenn kosning

15. gr. Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar.

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá þann dag sem auglýsing um embættið birtist. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, um það.

16. gr. Jafnskjótt og biskup hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 15. gr. skal hann tilkynna kjörstjórn um framkomnar óskir. Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, er jafnframt kjörstjórn við almennar prestskosningar. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar. Biskupsstofa lætur kjörstjórn í té nauðsynlega aðstöðu og þjónustu svo kjörstjórn geti rækt starfa sinn.

17. gr. Kjörstjórn ákveður hvenær kosning skuli fara fram og annast prentun kjörseðla. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Kjörstjórn auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

18. gr. Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram til sýnis á biskupsstofu og hjá prófasti eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag. Einnig skal hún birt á vef þjóðkirkjunnar.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur og skal kjörstjórn auglýsa framlagninguna í Ríkisútvarpinu og hvar kjörskrá liggja frammi svo og í prentuðum fjölmiðli.

19. gr. Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent kjörstjórn kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal kjörstjórn senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

20. gr. Úrskurði kjörstjórnar má kæra til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

21. gr. Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram.

22. gr. Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá kjörstjórn og getur hún hafist þá er tvær vikur eru til kjördags. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast á ábyrgð kjörstjórnar framkvæmd kosningar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Kjörstjórn ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

23. gr. Talning atkvæða fer fram hjá kjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur.

Kjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók.

24. gr. Skipa skal þann umsækjanda í embættið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meirihluta greiddra atkvæða.

25. gr. Með þeim frávikum, sem starfsreglur þessar ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til sveitarstjórna gilda um framkvæmd prestskosninga.

Um héraðspresta

26. gr. Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Biskup ræður héraðsprest og leggur til grundvallar vali sínu umsögn héraðsnefndar. Við mat á hæfni umsækjenda skal héraðsnefndin hafa til hliðsjónar ákvæði um valnefndir í starfsreglum þessum. Sérstakur ráðgjafi skv. 2. grein skal starfa með héraðsnefnd frá upphafi máls.

Um sérþjónustupresta

27. gr. Biskup Íslands skipar sérstaka valnefnd sem velur úr hópi umsækjenda um embætti sérþjónustupresta. Hin sérstaka valnefnd er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Sérstakur ráðgjafi skv. 2. grein skal starfa með valnefnd frá upphafi máls.

Við val á sérþjónustuprestum skulu reglur þessar gilda eftir því sem við getur átt.

Gildistaka

28. gr. Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2012.

LEIÐBEINANDI REGLUR BISKUPS ÍSLANDS
FYRIR VALNEFNDIR OG UMSÆKJENDUR, SBR. STARFSREGLUR UM VAL OG
VEITINGU PRESTSEMBÆTTA NR. 1109/2011.

1. gr.

Að liðnum umsóknarfresti um laust embætti sóknarprests eða prests skv. 35. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, kannar biskup hvort umsækjendur uppfylli almenn lagaskilyrði um embættisgengi og að fullnægjandi lágmarksupplýsingar um þá séu til staðar, þannig að valnefnd geti tekið umsókn fyrir og metið. Enn fremur kallar biskup, með heimild umsækjenda, eftir upplýsingum úr sakaskrá ríkisins um viðkomandi hvað varðar þær tegundir brota sem greinir í 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011. Að því búnu sendir biskup hlutaðeigandi valnefnd og ráðgjafa hennar framkomnar umsóknir. Skulu gögnin meðhöndluð og merkt sem trúnaðarmál og skilað prófasti, að loknum störfum valnefndar.

2. gr.

Prófastur, sem er formaður valnefndar, boðar nefndarfundi, stýrir þeim og kveður á um fundarsköp eins og þurfa þykir. Valnefnd skal að jafnaði kalla til ritara til ritunar fundargerðar (minnisblaðs) um fundinn, sbr. 9. gr. reglna þessara og skal ritarinn bundinn sama trúnaði og valnefndarmenn. Prófastur skal gæta þess að allir valnefndarmenn og ráðgjafi hafi fengið afrit umsókna og fylgiskjala með þeim og önnur gögn sem málið varðar, svo og þau lög og þær reglur sem gilda um val á sóknarprestum og prestum.

3. gr.

Valnefnd heldur undirbúningsfund. Þar skal eftirfarandi tekið fyrir:

a) kynning laga, starfsreglna og annarra reglna og stefnumála þjóðkirkjunnar sem eiga við:

- Þjóðkirkjulög nr. 78/1997
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Starfsreglur um presta nr. 1110/2009
- Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011
- Leiðbeinandi reglur biskups um val á presti 2014

- Starfsmannastefna þjóðkirkjunnar samþykkt á kirkjuþingi 2003
- Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar samþykkt á kirkjuþingi 2009

b) könnun á því hvort einstakir valnefndarmenn kunni að vera vanhæfir á grundvelli sérstakra hæfisskilyrða stjórnarsýslulaga.

c) kynning á þagnarskyldu valnefndarmanna og trúnaðarskyldu um umsóknargögn,

d) að um val sé að ræða en ekki kosningu.

e) að valnefnd skuli ná samstöðu um einn umsækjanda og rökstyðja niðurstöðu sína,

f) að niðurstaða valnefndar sé bindandi ef tveir þriðju nefndarmanna ná samstöðu um hana og að biskup skipi þann umsækjanda enda telji hann og ráðgjafi niðurstöðu valnefndar reista á lögmætum sjónarmiðum.

g) farið yfir umsóknir og ákveðið hverja eigi að kalla í viðtal. Þeir sem ekki eru kallaðir í viðtal geta farið fram á að valnefnd rökstyðji þá ákvörðun.

h) undirbúa og fara yfir samræmdar spurningar til umsækjenda. Allir umsækjendur skulu fá sömu spurningar. Bókað skal í fundargerð hvað spurningum/viðtölum er ætlað að upplýsa í málinu.

i) að semja samanburðarblað með þeim matsþáttum sem lagðir verða til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda, eftir að gagnaöflun og viðtölum er lokið. Einkum skal litið til 10. gr. starfsreglna um val og veitingu. Ef sérstakur áskilnaður er í auglýsingu sé athugað hvernig mat á því kemur inn í heildstæðan samanburð.

j) að ákveða hvort og þá hvaða frekari upplýsinga prófastur skuli afla um umsækjendur, sbr. 9. gr. starfsreglna um val og veitingu.

k) að tímasetja næsta fund valnefndar og ákveða hversu langan tíma hvert viðtal tekur.

l) að ákvarða hversu margir umsækjendur skuli mæta á fundinn.

4. gr.

Prófastur aflar upplýsinga um umsækjendur í samræmi við ákvörðun valnefndar sbr. 3. gr.

Prófastur skal rita minnisblað um framkomnar upplýsingar þar sem fram komi við hverja hafi verið rætt og hver tengsl viðkomandi voru við umsækjandann.

5. gr.

Valnefnd heldur annan fund að loknum undirbúningsfundi með eins dags millibili hið skemmsta. Styttu má þann tíma með samþykki allra valnefndarmanna. Á þeim fundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

a) framlagning viðbótargagna um menntun umsækjenda o.fl. ef við á og mat á þeim ef þörf krefur,

b) kynning prófasts á minnisblaði um efni viðtala við vinnuveitendur/samstarfsmenn – mat á því hvort þörf sé á að kynna umsækjanda það,

c) viðtöl við þá umsækjendur sem ákveðið var að ræða við. Heimilt er að taka viðtöl með fjarfundarbúnaði. Meginefni svara umsækjenda skal að jafnaði skráð. Prófastur felur fundarritara að jafnaði þá skráningu.

Til að tryggja að viðtöl við umsækjendur nái tilgangi sínum og ef við á skulu þau að jafnaði ekki vera fleiri en fimm til sjö á hverjum fundi.

6. gr.

Prófastur stjórnar viðtali og ber upp hinar samræmdu spurningar. Þeim presti eða prestum sem áfram þjóna í prestakallinu skal, áður en viðtöl við umsækjendur hefjast, boðið að tjá sig um umsækjendur við valnefndina sé hann eða séu þeir ekki meðal umsækjenda.

Í viðræðum valnefndar við umsækjendur skal gæta eftirfarandi þátta að lágmarki:

a) að sömu spurningar skuli lagðar fyrir alla umsækjendur, ef fleiri en einn eru.

b) að umsækjanda sé kynnt umsögn umsagnaraðila og gefinn kostur á að tjá sig um atriði er fram hafa komið í könnun valnefndar á því orðspori sem fer af umsækjanda og sem kunna að vera honum í óhag við mat á hæfni.

c) að umsækjanda sé gefinn kostur á að koma því á framfæri við valnefnd sem hann telur nauðsynlegt eða óskar að öðru leyti eftir.

7. gr.

Að lokinni upplýsingaöflun, þ.m.t. viðtölum við umsækjendur, skal valnefnd meta umsækjendur og bera saman. Velja ber hæfasta umsækjandann til embættisins. Með hæfasta umsækjandanum er átt við þann umsækjanda sem uppfyllir best að mati valnefndar og með rökstuddum hætti, þau skilyrði sem greinir í 10. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, önnur sérstök skilyrði sem kunna að hafa verið tilgreind í auglýsingu og önnur óskráð en málefnaleg atriði sem heimilt er að líta til.

Ef fleiri en einn umsækjandi er um embætti prests, skal bera umsækjendur saman heildstætt og samræmt á grundvelli allra matsþátta, sbr. 8. gr. þessara reglna.

Valnefnd ber að fylgja jafnréttisáætlun þjóðkirkjunnar og vinna til samræmis við

jafnréttislöggjöf hverju sinni. Ef tveir eða fleiri umsækjendur eru að mati valnefndar jafnhæfir og af gagnstæðu kyni ber að jafnaði að velja umsækjanda af því kyni sem færri er af í starfsstéttinni.

8. gr.

Valnefnd fer yfir umsóknir og fylgigögn svo og aðrar fram komnar upplýsingar og metur hæfi hvers umsækjanda á þeim grundvelli, með hliðsjón af þeim matsþáttum er hér greinir:

Guðfræðimenntun

Ef um viðbótarmenntun í guðfræði er að ræða, einkum á háskólastigi eða sem viðurkennd er af háskóla, skal litið til hennar við mat á hæfni.

Starfsreynsla

Starfsreynsla á sviði prestsþjónustu skal að öllu jöfnu metin eftir starfsaldri innan kirkjunnar.

Starfsferill

Metið skal hvernig umsækjanda hefur tekist að rækja fyrri störf sín. Umsækjanda skal gefinn kostur á að tjá sig um atriði er kunna að hafa komið fram með gögnum málsins og sem kunna að vera honum í óhag við mat á hæfni.

Hæfni til boðunar

Ef umsækjandi hefur gegnt vígðri þjónustu skal athuga umsagnir samstarfsaðila. Ef umsækjandi hefur ekki reynslu af boðun getur valnefnd boðið honum að flytja hugleiðingu eða predikun til að kanna hæfni til boðunar.

Hæfni til sálgæslu

Ef umsækjandi hefur gegnt vígðri þjónustu skal athuga umsagnir samstarfsaðila.

Samskiptahæfni

Meta þarf hæfni umsækjenda til samskipta. Skal athuga umsagnir/meðmæli um umsækjendur og einnig hvernig þeir koma fyrir í viðtali. Ef því er að skipta skal valnefnd gjalda varhug við sögusögnum og þess skal jafnan gætt að umsækjandi njóti sannmælis.

Sérstök skilyrði samkvæmt auglýsingu

Hafi í auglýsingu verið sett skilyrði um hæfni á ákveðnu sviði/sviðum eða önnur sérstök skilyrði þarf að kanna sérstaklega og meta hvernig umsækjendur uppfylla þau.

Fylgi prestssetur prestakallinu þurfa umsækjendur að vera fúsir til og færir um að sitja prestssetrið.

Önnur menntun

Valnefnd skal fyrst og fremst líta til menntunar sem er á háskólastigi eða sem hlotið hefur

viðurkenningu háskóla, ef ljóst þykir að hún geti nýst umsækjanda í þjónustunni. Einnig má taka tillit til annarrar menntunar með sama hætti.

Önnur starfsreynsla

Valnefnd skal líta til annarrar starfsreynslu umsækjenda sem telja má að komi að gagni í þjónustunni. Þar er fyrst og fremst um að ræða reynslu af fræðslu - og umönnunarstörfum, fræðimennsku og störfum er varða almannatengsl. Við val á sóknarpresti skal auk þess líta til reynslu og hæfni í stjórnunarstörfum.

Frammistæða í viðtölum

Valnefnd skal líta til frammistöðu í viðtölum umsækjenda við nefndina þ. á m. framkomu, viðmót og málfar.

Leiðtogahæfileikar

Valnefnd skal meta leiðtogahæfileika umsækjenda, sérstaklega þegar um val til embættis sóknarprests er að ræða. Skal m.a. litið til starfsferils í því sambandi og umsagna ef við á. Líta skal til þess hvernig umsækjendur í viðtali við valnefnd, tjá sig um framtíðarsýn sína og hvernig þeir hyggjast haga þjónustu sinni.

Framtíðarsýn

Hér skal gefa gaum að framtíðarsýn umsækjenda með hliðsjón af sérkennum prestakallsins s.s. dreifbýli/þéttbýli, íbúafjöldi, aldursdreifing íbúa, fjöldi sókna, stofnanir (t.d. kirkjumíðstöð, sjúkrahús, dvalarheimili, orlofsheimili), sérstakar þarfir og hefðir safnaðanna. Meta skal hæfni og vilja umsækjenda til að takast á við verkefnið.

Reynsla og hæfni í stjórnunarstörfum

Valnefnd skal meta reynslu og hæfni í stjórnunarstörfum m.a. með hliðsjón af starfsferli, umsögnum og viðtali við umsækjendur.

Ef um fámennt prestakall er að ræða skal sérstaklega gefa gaum að hæfileikum umsækjenda til að eiga frumkvæði.

Ef um fjölmennt prestakall er að ræða þar sem starfsfólk er til staðar í sókn eða sóknum og eftir atvikum aðrir prestar og/eða djákna skal sérstaklega gefa gaum að hæfni til stjórnunar og samstarfs.

Valnefnd ber að rökstyðja í fundargerð niðurstöðu sína um val, með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin leggur til grundvallar og sem greinir í starfsreglum um val og veitingu og reglum þessum.

9. gr.

Rita skal fundargerð um fundi valnefnda. Fundargerð skal bera eftirtalin atriði með sér að lágmarki:

a) hvar og hvenær fundurinn var haldinn

b) hverjir mættu á fundinn

c) að fundurinn hafi verið lokaður

d) hver stýrði fundi

e) hvaða gögn lögð voru fram

f) að gætt hafi verið ákvæða 3. gr.

g) ef því er að skipta að lögð hafi verið fram ný gögn og þau kynnt og jafnframt hvaða gögn um var að ræða

h) að farið hafi verið yfir gögn um hvern umsækjanda og þau rædd

i) að nefndin hafi rætt við tiltekna eða alla umsækjendur - og ef því er að skipta skýringu á því hvers vegna einhver umsækjenda hafi ekki mætt

j) hæfnismat. Skal bóka þau atriði sem lögð eru til grundvallar valinu

k) sammæli valnefndar um að mæla með að tiltekinn umsækjandi skuli skipaður. Rita skal í fundargerð ef einhver valnefndarmanna óskar þess þ.e. óski hann þess að sitja hjá við val og rök hans fyrir því eða ef hann mælir með öðrum umsækjanda og rök hans fyrir því

l) annað það sem edlilegt eða nauðsynlegt þykir að bóka að mati valnefndar

n) óski einhver valnefndarmanna þess skal hann eiga rétt á að fá ritað í fundargerð athugasemdir sína eða afstöðu.

Fundargerð skal að fundi loknum lesin í heyranda hljóði og staðfest af öllum valnefndarmönnum. Skal þess getið í fundargerðinni sjálfri.

10. gr.

Prófastur sendir biskupi þegar niðurstöður nefndarinnar, þ.e. endurrit úr fundargerðarbók.

11. gr.

Kostnað af valnefnd bera viðkomandi sóknir. Kirkjumálasjóður greiðir kostnað vegna prófasts og ráðgjafa.

12. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stöð í 6. gr. starfsreglna þjóðkirkjunnar nr. 1109/2011 um val og veitingu prestsembætta, öðlast þegar gildi. Þær leysa af hólmi eldri reglur og breytingar á þeim dags. 9. mars 1999, dags. 9. september 2003, dags. 5. mars 2008, 28. nóvember 2008 og 25. febrúar 2013.

Reykjavík, 30. mars 2014



Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

